

Hraunavinir

26. mars 2013

Ágæta bæjarfélag, Hafnarfjarðarbær.

Stjórn Hraunavina leggur til að áformað málþing um Guðmund Kjartansson jarðfræðing og Búrfellsraun, verði haldið hjá Náttúrufræðistofnun Íslands við Urriðaholt í Garðabæ, mánudaginn 29. apríl n.k. Æskilegur fundartími verði frá kl. 14 til 17.


Auk Hraunavina verði aðilar að málþinginu: Náttúrufræðistofnun Íslands, Garðabær og Hafnarfjarðarbær. Hefur hugmyndin verið kynnt öllum þessum aðilum og henni tekið mjög jákvætt.

Hraun frá Búrfelli liggja víða á mörkum Garðabæjar og Hafnarfjarðar og hefur komið fram sú hugmynd í tengslum við málþingið, að sveitarfélögin finni sameiginlegan vinastað á bæjamörkum og innsigli þar með formlegum hætti, nánara samstarf um hraunin (bæjarstjórnir). Einn af þeim stöðum sem nefndur hefur verið er Bali, neðan og utan Hrafnistu.

Með bréfi þessu er óskað formlegrar staðfestingar frá Hafnarfjarðarbæ um aðild að fyrirhuguðu málþingi og hverjir muni þá koma að undirbúningi fyrir hönd bæjarins. Tekið skal fram að Náttúrufræðistofnun Íslands leggur til fundarhúsnæði og einhverjir fyrirlesarar verða á hennar vegum. Kostnaður við málþingið ætti því að verða mjög hóflegur, en bæjarfélögin gætu tekið að sér að sjá um veitingar og kynna málþingið.

Virðingarfyllst,

f.h. stjórnar Hraunavina,



Reynir Ingibjartsson formaður,
Dvergholti 1, 220 Hafnarfirði.

